

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um innheimtulög.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra þörf á sérstakri löggjöf um innheimtuaðgerðir til hagsbóta fyrir neytendur og til að tryggja hag skuldara, líkt og er í gildi annars staðar á Norðurlöndunum?
2. Hvaða fyrirkomulag gildir um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um, og hvaða reglur telur ráðherra að eigi að gilda í því efni?
3. Hver er skýringin á því að frumvarp til innheimtulaga sem lagt var fram á 122. og 123. löggjafarþingi hefur ekki verið lagt fram aftur og mun ráðherra beita sér fyrir því að það verði lagt fram á yfirstandandi þingi?